



Norðurlandaráði

MINISTRY FOR  
FOREIGN AFFAIRS

Rauðarárstigur 25, 105 Reykjavík, Iceland  
Tel: 354-545 9900, fax: 354-562 2373  
rnfa@mfa.is, www.mfa.is

Reykjavík, 18 október 2023  
Tilv.: UTN22100147/10.C.200

**Svar við skriflegri fyrirspurn E 4/2023 um norræna samhæfingu varðandi starfsáætlun næstu framkvæmdastjórnar ESB.**

Skrifleg fyrirspurn til norrænu ríkisstjórnanna um norræna samhæfingu varðandi starfsáætlun næstu framkvæmdastjórnar ESB:

Hvernig hyggjast norrænu ríkisstjórnirnar starfa fram í júní 2024 og leggja sitt af mörkum til starfsáætlunar nýrrar framkvæmdastjórnar ESB?

Hver eru helstu skilaboð Norðurlanda til nýrrar framkvæmdastjórnar ESB?

Hvernig líta ríkisstjórnirnar almennt á mikilvægi Norðurlanda sem sameinað afl í Evrópu?

**Svar:**

Hér á eftir fer sameiginlegt svar norrænu ríkisstjórnanna:

**Hvernig hyggjast norrænu ríkisstjórnirnar starfa fram í júní 2024 og leggja sitt af mörkum til starfsáætlunar nýrrar framkvæmdastjórnar ESB?**

Ný starfsáætlun framkvæmdastjórnar ESB tekur mið af stefnuáætlun leiðtogaráðs ESB. Á fundi leiðtogaráðsins 29.-30. júní 2023 greindi formaður ráðsins frá vinnu að undirbúningi stefnuáætlunar 2024-2029. Fyrsta umræða fer fram á óformlegum fundi leiðtogaráðsins í Granada 6. október 2023. Rætt verður við aðildarríkin fyrir fundinn. Að því loknu fer starfið fram á vegum nefndar fastafulltrúa (COREPER) og gegnum rágjöf SHERPA-verkefnisins.

Endanleg ákvörðun um forgangsroðun verður tekin eftir kosningar til Evrópuþingsins sem fara fram 6.-9. júní 2024. Auk þess verður sérstaklega leitast við að hafa áhrif á þankagang framkvæmdastjórnarinnar og þjónustudeilda hennar, sem og stefnuáætlun forseta framkvæmdastjórnarinnar. Einnig gefst tækifæri til að beita áhrifum við yfirheyrslur á framkvæmdastjórum ESB.

Þrátt fyrir að ferlið veiti aðildarríkjunum ýmis tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á innihald stefnuáætlunarinnar er mikilvægt að hafa í huga að ákvarðanir í langflestum málum ráðast af auknum meirihluta. Því er þörf á myndun mun breiðari bandalaga en norrænu aðildarríkjanna eingöngu.

**Hver eru helstu skilaboð Norðurlanda til nýrrar framkvæmdastjórnar ESB?**

Eins og fram kemur í athugasemdum í fyrirspurninni ættu norrænu aðildarríkin að geta sameinast um að standa vörð um ýmis gildi og hafa þau í heiðri. Til að svo geti orðið verður þó að byrja á að skilgreina og ræða þau gildi og meginreglur sem við viljum varðveita og standa vörð um og um leið þá straua sem við látum undan og fylgjum.

Við mótun hugsanlegra sameiginlegra skilaboða til nýrrar framkvæmdastjórnar verða að liggja til grundvallar málefni þar sem Norðurlöndin eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta og þar sem sameiginleg rödd Norðurlanda getur haft meiri áhrif en ella á störf ESB í þágu Norðurlanda sem svæðis. Sú framtíðarsýn sem samþykkt hefur verið um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir 2030 gæti hér legið til grundvallar. Framtíðarsýnin byggist á þremur stefnumótandi áherslum um græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Hvað svið félagsmála varðar ber að minna á skiptingu valdheimilda milli ESB og aðildarríkjanna.

Réttarríki, lýðræði og mannréttindi eru grundvallargildi en eins og vitað er er þrengt að þeim í Evrópu og víðar og færa má rök fyrir því að Norðurlöndin beri sérstaka ábyrgð en eigi einnig hagsmuna að gæta í því að verja þessi gildi. Til viðbótar við áskoranir sem fyrir eru í sumum aðildarríkjum ESB auk þess sem stríð og vaxandi spennan þrengir að lýðræði og réttarríkinu má gera ráð fyrir að umræðan um gildi fái aukið vægi vegna fyrirhugaðrar stækkunar ESB.

Þróun stefnu og regluverks ESB mun skipta miklu máli við framkvæmd þessara stefnumiða á næstu árum. Sameiginleg nálgun gæti aukið samanlögð áhrif Norðurlanda í Evrópu. Helstu málefnasvið norrænna skilaboða gætu verið þar sem staða okkar er góð og þar sem við deilum viðhorfum. Starf að loftslagsmálum og græn og stafræn umskipti eru miðlæg málefni þar sem nálgun Norðurlanda er sú sama. Einnig má nefna að Norðurlöndin benda á mikilvægi öflugss innri markaðar ESB/EES fyrir samkeppnishæfni og nýsköpun.

Þá væri æskilegt að minnast á öryggisstefnu í samnorrænum skilaboð með tilliti til stríðsins í Úkraínu og stærra hlutverks ESB á þessu sviði.

## **Hvernig líta ríkisstjórnirnar almennt á mikilvægi Norðurlanda sem sameinað afl í Evrópu?**

Norrænt samstarf um málefni tengd ESB hvílir á traustum grunni og er virkt á ýmsum stjórnsýslustigum og í ýmsum málum í höfuðborgum landanna og í Brussel. Um leið getur virðisauki falist í öflugra samstarfi þegar það á við, hvort sem um er að ræða að beita áhrifum á fyrri stigum mála eða við innleiðingu löggjafar sem tekin er ákvörðun um hjá ESB og varðar málefni sem skipta miklu máli fyrir Norðurlönd, þar með talda fleti sem augljóslega teygja sig yfir landamæri. Sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda til að hafa áhrif á ESB-löggjöf ráðast af mati á hverju máli fyrir sig. Samstarfið, til dæmis í Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni (þar með talið embættismannanefndunum), auðveldar að bera kennsl á mál þar sem evrópskt samstarf gæti verið Norðurlöndum til hagsbóta. Í þeim tilvikum geta löndin lagst á eitt saman eins og hingað til.

Framkvæmdastjórnin og aðrar ESB-stofnanir sýna áhuga og hægt er að hafa áhrif á þær með vönduðum og vel undirbúnum tillögum. Þó er mikilvægt að leggja fram evrópska skýringu eða rök fyrir því að það sé til hagsbóta fyrir ESB sem heild að fylgja því sem lagt er til. Norræn röksemdafærsla nægir sjaldan ein og sér.

Af þessu leiðir að norrænu ESB-löndin geta haft áhrif – einkum á þeim sviðum þar sem löndin standa vel að vígi – en það nægir ekki í sjálfu sér. Þörf er á stuðningi breiðari hóps landa og sömuleiðis evrópskum rökum.

Ríkisstjórnir Norðurlanda telja að hér hafi skriflegri fyrirspurn verið svarað.

A handwritten signature in blue ink, reading "Bjarni Benediktsson". The signature is fluid and cursive, with the first letter 'B' being particularly large and stylized.

BJARNI  
Benediktsson  
utanríkisráðherr  
a